Reykjavík

Félagsmiðstöðin Fókus

Aðgerðaráætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 2
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Fókus auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Virk þáttaka og lýðræði

Starfandi er Fókusráð sem samanstendur af unglingum í 8., 9. og 10. bekk, sem koma hugmyndum samnemenda á framfæri og skipuleggja dagskrá og viðburði í félagsmiðstöðinni með aðstoð starfsfólks. Einnig er auglýst eftir hugmyndum frá ungmennum á samfélagmiðlum og í samtölum á opnunum. Öll hafa tækifæri til að bjóða sig fram í Fókusráð en eru svo valin inn í ráðið af starfsfólki með áherslu á fjölbreytileika og vítt áhugasvið. Meirihluti miðstigs og unglingastigs mætir reglulega og hefur mæting og þátttaka aukist enn frekar frá síðasta skólaári.

Starfshættir og viðfangsefni

Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Tekið er á móti öllum börnum og unglingum með bros á vör, þeim heilsað og þau kvödd þegar þau fara. Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni. Hluti opnunartíma er opið starf en þó er skipulögð dagskrá oftast í boði á sama tíma. Skipulagt fjölbreytt klúbbastarf er í boði á bæði daginn og á kvöldin. Haldnir eru viðburðir reglulega og er þá Fókusráðið oft að sjá um þá.

Mannauður og faglegt starf

Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar samhliða öðrum félagsmiðstöðvum í hverfinu. Við ráðningu nýrra starfsmanna er ávallt hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum og öll skila inn hreinu sakavottorði. Starfsmenn eru ánægðir í starfi samkvæmt samtölum og könnunum og vinna vel sem heild samhliða stjórnendum. Aðra hverja viku eru haldnir starfsmannafundir, boðið er upp á starfsþróunarsamtöl tvisvar á ári og starfsfólki reglulega veitt endurgjöf. Stjórnendur sitja lausnateymisfundi og nemendaverndarráðsfundi ásamt því að funda reglulega með námsráðgjafa skólans.

Bjargir og skipulag

Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki s.s. með tölvupósti, á Abler, á samfélagsmiðlum og með innlitum inn í bekkina á skólatíma, ásamt því að auglýsingar eru hengdar upp víðsvegar um skólann. Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva) en er þó kominn tími á að endurnýja slitinn efnivið.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Mannauður og faglegt starf

Enn er beðið eftir skilgreiningu á húsnæði félagsmiðstöðvar og skipulagi í kringum samnýtingu á rýmum, efnivið og fjármagni til að geta unnið samstarfssamning við skóla með hliðsjón af fyrrnefndu. Starfshópurinn setti sér það

markmið að kynnast hverjum ungling sem mætir í starfið betur og reyna að ná þeim sem mæta lítið til að mæta meira og ná jákvæðri tengingu og bæta samskipti við ungmenni sem hvert okkar hefur átt erfitt með að ná til.

Bjargir og skipulag

Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir **ekki** skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva). Í foreldrakönnunum er húsnæði og aðstaða ávallt með lægstu einkunn og er virkilega ábótavant.

Umbótaáætlun 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hverja aðgerð (passið að hafa aðgerðirnar ekki of margar, þarf að vera raunhæft að þær komist til framkvæmda á starfsárinu).

Heiti aðgerðar: **Samstarfssamningur við skóla**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Mannauður og faglegt starf.
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Efla samstarf við skóla, fá að vera með í móttökuviðtölum, eiga reglulega samráðsfundi og bæta upplýsingaflæði.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Að vinna samstarfssamning með skóla um leið og skýrar upplýsingar um samstarf og samnýtingu kemur frá SFS.
Ábyrgð	Forstöðukonur og SFS.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vonandi fyrir lok skólaársins 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Um leið og samstarfssamningur er undirritaður og við komnar með reglulega fundi og boðaðar í mótttökuviðtöl.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Um leið og samstarfssamningur er undirritaður og við komnar með reglulega fundi og boðaðar í mótttökuviðtöl.

Heiti aðgerðar: **Efla tengingu við krakka og unglinga**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Mannauður og faglegt starf.
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Markmið starfshópsins að kynnast betur og auka mætingu hjá þeim sem mæta sjaldan og taka lítið þátt og á sama tíma að ná að kynnast unglingum betur sem starfsfólk hefur átt erfitt með að ná til.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Fyllum út greiningarlista útfrá nafnalista og metum hvert og eitt okkar samskipti og tengingu við hvern oig einn ungling. Við flokkum þá eftir því hvort við þekkjum þá sem mæta og hversu vel, hvort við eigum í meiri jákvæðari eða neikvæðum samskiptum við ungling. Svo er markmið hvers og eins

	starfsmanns að ná tengingu við þá sem þau þekkja minnst og að ná jákvæðari tengingu við þá unglinga sem þau eru mest vön að eiga í vanda með samskipti við.
Ábyrgð	Forstöðukonur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hófst í lok apríl 2025 og áætluð lok eru í mars 2027 en verður svo áframhaldandi verkefni hjá okkur á hverju skólaári.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á síðasta starfsmannafundi í nóvember verður tekið stöðutékk og hver og einn starfsmaður fer í gegnum nafnalista og greinir samskipti og tengingu við hvern og einn ungling. Svo berum við nóvember listann við listann frá því í apríl og skoðum hvaða unglinga við þurfum að einbeita okkur að fram að mars 2027.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við metum árangur með því að bera saman greiningarlistana frá apríl, nóvember og mars og skoðum mætingartölur ungmenna til samhliðar og metum árangur með bæði mætingartölum og með umræðum starfshópsins um hvort samskipti við ungmenni hafi eflst og jákvæðari tenging hafi orðið við þau sem áður voru neikvæðari.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Hér skrifið þið texta um hvaða þróunarverkefni og/eða aðgerðir úr menntastefnu eða öðrum stefnum unnið er með á ykkar starfsstað.

Erum ekki með nein þróunarverkefni á prjónunum þetta skólaárið. Við vinnum markvisst með gátlista menntastefnunnar á okkar starfsstað og erum með áherslu þetta skólaárið á félagsfærni, samskipti og þátttöku. Unnið er með allskonar óformlega fræðslu í formi umræðna og leikja í hverjum mánuði. Starfsmenn eru öll með klúbbastarf utan almenns opnunartíma þar sem unglingarnir taka þátt í ákveðnum tómstundum; hekli, bókalestri, tölvuleikjaspili og pílu en ásamt því er unnið með að efla einstaklingana og hópinn í heild innan hvers klúbbs.

Helstu dagsetningar

Hér er gott að lista upp helstu viðburði og verkefni í starfinu. Þar má nefna skólasetningardag, starfsdaga, fyrsta dag í vetrarfrístund, foreldrakynningar/samstarf, þemavikur, starfsþróunarsamtöl, leikskólaheimsóknir, vetrarfrí, skertir skóladagar, barnamenningarhátíð, skólaslit, fyrsti/síðasti dagur í sumarstarfi og einnig verkefni úr umbótaáætlun, þróunarverkefni og önnur verkefni sem tengjast áherslum starfsársins.

Ágúst

- Skólasetning og starfsdagur Fókus 24. ágúst
- Fyrsta kvöldopnun 26. ágúst

September

- Fyrsta 10-12 opnunin 1. sept
- Rósaball
- Brúarleikarnir
- Grunnfræðsla
- Starfsdagur unglingasviðs

Október

- Brúarleikaballið
- Brúarleikar starfsmanna
- Landsmót Samfés
- Félagsmiðstöðvardagurinn – opið fyrir fjölskylduna
- Vetrarfrí
- Stjórnendaferð unglingastarfs

Nóvember

- Sameiginlegt halloween ball í 113 fyrir 10-12 ára starfið
- Skrekkur
- Rímnaflæði
- Jólagleði starfsmanna

Desember

- Sameiginlegur fundur unglingastarfs
- Jólasmiðjur 10-12 ára
- Jólasmiðjur/jóladagskrá unglinga
- Jólaball unglinga

Janúar

- 113 ball unglinga

Febrúar

- Öskudagurinn
- Vika 6
- Sameiginlegur fundur unglingastarfs
- Söngkeppni Brúarinnar
- Skíðaferð
- Vetrarfrí

Mars

- Danskeppni Samfés
- Stíll
- Árshátíð Ingunnarskóla
- Foreldraopnun/góðgerðarbingó
- Páskafrí

Apríl

- Aðalfundur Samfés
- Sameiginlegur fundur unglingastarfs
- Barnamenningarhátíð
- Sumardagurinn fyrsti
- Menntastefnumót?

Maí

- Samfest ball og söngkeppni
- Hinsegin vika

Júní

- Útskrift 10.bekkjar 8. júní
- Skólaslit 9. Júní
- Fyrsta sumar kvöldopnun 11. Júní?
- Fyrsti dagur í sumarstarfi 14. júní

Júlí

- Seinasti dagur í sumarstarfi 14.júlí